

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/39
komudagur 25.10.2013

Reykjavík, 24. október 2013

Efni: Umsögn Straums fjárfestingabanka hf. um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki), 2. mál (hér eftir nefnt „frumvarpið“)

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Straums fjárfestingabanka hf. (hér eftir nefndur „Straumur“) um framangreint frumvarp, sbr. þingskjal 2. Straumur vill koma á framfæri tillögum að breytingum á frumvarpinu sem settar hafa verið fram með það fyrir augum að stuðla að eðlilegri verðmyndun með skráð verðbréf og heilbrigða samkeppni á fjármagnsmörkuðum.

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Almennt

Í gildi eru aðalmiðlarasamningar á milli Lánamála Ríkisins („Lánamál“) og Íslandsbanka, MP banka, Landsbanka, Arion banka og Straums (saman „aðalmiðlarar“). Aðalmiðlurum ber skylda til að setja fram kaup- og sölutilboð í skuldabréf útgefin af ríkissjóði og fá greidda þóknun frá Lánamálum Ríkisins fyrir þessa skuldbindingu. Tilgangur aðalmiðlarasamninga er að tryggja eðlilega verðmyndun og seljanleika á verðbréfum útgefnum af ríkissjóði og þannig stuðla að lægri vaxtakostnaði ríkissjóðs.

Til að aðalmiðlarar geti sinnt skyldum sínum undir öllum kringumstæðum, þá hafa þeir möguleika á að fá verðbréf útgefin af ríkissjóði að láni hjá Lánamálum. Slík lán eru jafnan nefnd verðbréfalán. Þegar aðalmiðlarar nýta sér verðbréfalánin þá mynda lánin skuld á efnahagsreikningi viðkomandi banka og þar af leiðandi bætist við skattstofn vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki. Aðalmiðlarar greiða Lánamálum þóknun sem nemur 0,2% af fjárhæð lánsins á ársgrundvelli.

Þann 4. október sl. nam fjárhæð útistandandi verðbréfalána hjá Lánamálum tæplega 46 milljörðum króna.

Tillaga um breytingar og rök

Lagt er til að heimilt verði að draga skuldir vegna verðbréfalána frá Lánamálum Ríkisins frá skattstofni til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.

Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru eftirfarandi:

Líklegt er að sérstakur skattur á verðbréfalán muni verða til þess að aðalmiðlarar muni fara fram á hærri þóknun frá Lánamálum Ríkisins við næstu endurnýjun aðalmiðlarasamninga. Þannig yrði kostnaði fjármálafyrirtækja vegna sérstaks skatts á verðbréfalán í raun varpað aftur á ríkissjóð.

Ef verðbréfalán verða ekki undanskilinn sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki má teljast líklegt að fjármálafyrirtæki muni leitast við að lágmarka verðbréfalán yfir áramótin en það gæti haft í för með sér óeskilegar verðsveiflur á ríkisskuldabréfum sem geta verið skaðlegar fyrir lánskjör ríkissjóðs.

Fjármálafyrirtæki greiða nú þegar gjald, 0,2% á ári, til Lánamála Ríkisins fyrir verðbréfalán.

Verðbréfalán eru óverulegur hluti heildar skulda fjármálafyrirtækja. Miðað við stöðu verðbréfalána 4. október sl. yrði ríkissjóður af u.þ.b. 67 milljónum króna ef verðbréfalán verða undanskilin sérstökum skatti. Vega má upp á móti því með hækkun á gjaldhlutfalli sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki en nánar verður vikið að því síðar.

Skuldir vegna óuppgerðra viðskipta

Almennt

Viðskipti með verðbréf skráð í NasdaqOMX kauphöllina á Íslandi, svo sem skuldabréf og hlutabréf, eru öllu jöfnu gerð upp 1-5 dögum eftir að þau eru framkvæmd. Í millitíðinni mynda kröfur vegna uppgjors á slíkum viðskiptum eign eða skuld á efnahagsreikningum milligönguaðila. Viðskipti með ríkisskuldabréf orsaka jafnan hæstu eignirnar og skuldirnar sem um ræðir í þessu sambandi.

Tillaga um breytingar og rök

Lagt er til að skuldir vegna óuppgerðra viðskipta með skráð verðbréf skulu undanþegnar skattstofni vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.

Helstu rökin fyrir því eru eftirfarandi:

Skattlagning á skuldum vegna óuppgerðra viðskipta er til þess fallin að draga verulega úr viðskiptum á verðbréfamörkuðum dagana fyrir áramót. Þóknarir vegna verðbréfaviðskipta eru í mörgum tilfellum lægri en gjaldhlutfallið og þ.a.l. svarar ekki kostnaði fyrir markaðsaðila að eiga viðskipti sem mynda skuld á efnahagsreikningi þeirra yfir áramótin. Þetta á einkum við viðskipti með ríkisverðbréf og er til þess fallið að koma niður á heilbrigði markaða og eðlilegri verðmyndun með ríkisverðbréf.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er ekki lagður á fjármálafyrirtæki sem eru með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki hafa, eins og bankar, milligöngu um viðskipti með verðbréf. Það er skekkir verulega samkeppnisstöðu banka og lánafyrirtækja ef þau þurfa að borga skatt af verðbréfaviðskiptum dagana fyrir áramót, en verðbréfafyrirtæki sem eru að gera nákvæmlega sömu viðskipti þurfa engan skatt að greiða af þeim.

Óuppgerð viðskipti eru óverulegur hluti af heildar skattstofni. Sem dæmi má nefna að samanlögð eins dags meðalvelta á hlutabréfa og skuldabréfamarkaði var u.þ.b. 7.500 m.kr. fyrstu 3 vikurnar í október 2013. Ennfremur, eins og fram kom að ofan, er líklegt að fjármálafyrirtæki leitist við að lágmarka óuppgerð viðskipti yfir áramótin. Því er áætlað

tekjutap ríkissjóðs óverulegt þótt óuppgerð viðskipti verði undanþegin skattstofni vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.

Heilbrigð samkeppni á fjármálamarkaði

Almennt

Smærri fjármálafyrirtæki, s.s. sparisjóðir og lánaþyrirtæki, eiga undir högg að sækja á íslenska fjármálamarkaðnum þar sem þrjú kerfislega mikilvægir viðskiptabankar ráða yfir langstærstum hluta markaðarins.

Kerfisáhætta á íslenskum fjármálamarkaði hefur verið mikið í umræðunni og ekki að ástæðulausu. Fall einhvers hinna þriggja kerfislega mikilvægu viðskiptabanka myndi hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenska fjármálakerfið.

Í 1.gr. laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki stendur orðrétt:

„Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að draga úr áhættusækní fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra **vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.**“

Þeim mun stærri og færri sem bankar á íslenska fjármálamarkaðnum eru, þeim mun meiri kerfisáhætta. Öll lagasetning sem varðar innlendan fjármálamarkað ætti að taka mið af þessu og stuðla að því að tryggja rekstrargrundvöll smærri fjármálafyrirtækja sem ekki mynda kerfisáhættu.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki mun einkum koma illa við þá sparisjóði sem eru sjálfstætt starfandi þar sem efnahagsreikningar þeirra eru jafnan stórir í hlutfalli við tekjur. Skatturinn mun í sumum tilfellum hafa veruleg áhrif á afkomu sparisjóðanna.

Tillaga um breytingar og rök

Lagt er til að allir skattskyldir aðilar geti dregið skuldir að fjárhæð allt að 7 milljörðum króna frá skattstofni sínum. 6 af þeim 7 sparisjóðum sem enn eru sjálfstætt starfandi eru með skuldir undir 7 milljörðum króna og myndu því ekki þurfa að greiða sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nái þessi tillaga fram að ganga. Tekjutapið af þessum sökum er áætlað u.þ.b. 200 m.kr. Til að tryggja að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki skili tilætluðum tekjum til ríkissjóðs, þá er lagt til að gjaldhlutfallið verði á sama tíma hækkað úr 0,145% upp í 0,148%. Það eykur áætlaðar tekjur ríkissjóðs um u.þ.b. 300 m.kr. og vegur upp á móti tekjutapi af öllum þeim breytingum sem lagðar hafa verið til í þessari umsögn.

Helstu rökin fyrir ofangreindum tillögum eru eftirfarandi:

Fjármálafyrirtæki með skuldir lægri en 7 milljarða króna mynda ekki kerfisáhættu og ættu því að vera undanþegin skattheimtu sem áætlað er að standa straum af kostnaði vegna kerfisáhættu.

Breytingin stuðlar að heilbrigðri samkeppni á fjármálamörkuðum, þar sem minni aðilar eiga góða möguleika á því að keppa við þá stærri. Hún kemur einnig í veg fyrir að lagasetningin stefni rekstrarforsendum minni aðila í hættu.

Þar sem lagt er til að gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki verði hækkað þá hafa breytingarnar heilt yfir jákvæð áhrif á áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs. Með öðrum orðum þá hækka áætlaðar tekjur ríkissjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki við breytinguna.

Framkvæmd breytinga á frumvarpinu

Við frumvarpið bætist ný 15. grein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við bætist ný 4. mgr.: Heimilt er að draga skuldir skattskylds aðila vegna verðbréfalána frá Lánamálum Ríkisins frá skattstofni.
- b. Við bætist ný 5. mgr.: Heimilt er að draga skuldir skattskylds aðila vegna óuppgerðra viðskipta með skráð verðbréf, sem eru gerð upp eigi síðar en 5 dögum eftir að viðskiptin eru gerð, frá skattstofni.
- c. Við bætist ný 6. mgr.: Til viðbótar því sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. skal öllum skattskyldum aðilum heimilt að draga allt upp í 7 milljarða króna frá skattstofni sínum, en þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur heildarskuldum skv. 2. mgr. að frádregnum skuldum tilgreindum í 4. og 5. mgr., þannig að skattstofn verði aldrei lægri en 0.


15. grein (verður 16. gr.) frumvarpsins breytist og verður svohljóðandi:

Í stað „0,041%“ í 4. gr. laganna kemur: 0,148%.

Samantekt

Eins og fram kom í upphafi þá hafa ofangreindar tillögur verið settar fram með það að markmiði að stuðla að eðlilegri verðmyndun með skráð verðbréf, einkum ríkisskuldabréf, stuðla að heilbrigðri samkeppni og draga úr kerfisáhættu á innlendum fjármálamarkaði. Undirritaður er að sjálfsögðu reiðubúinn að svara öllum spurningum sem kunna að vakna varðandi þessar tillögur.

Virðingarfyllst,
f.h. Straums fjárfestingabanka hf.



Jakob Ásmundsson, forstjóri